

From: Guðlaug Vilbogadóttir [<mailto:gudlaug@minjastofnun.is>]
Sent: 30. júní 2016 10:03
To:; Garðabær <gardabaer@gardabaer.is>;
Subject: Umsóknir um styrki til að undirbúa tillögur að verndarsvæði í byggð

Til sveitarfélaga, skipulags- og byggingarfulltrúa

Á fjárlögum 2016 voru fjárheimildir húsafriðunarsjóðs auknar um 150 m.kr. til að gera sjóðnum kleift að styrkja vinnu sveitarfélaga við skipulagningu og þróun verndarsvæða í byggð í samræmi við ákvæði [laga um verndarsvæði í byggð, nr. 87/2015](#).

Minjastofnun Íslands auglýsir eftir umsóknum um styrki vegna sérstakrar úthlutunar úr húsafriðunarsjóði til að undirbúa tillögur að verndarsvæði í byggð, sjá meðf. augl. [Umsóknareyðublað má finna á vef Minjastofnunar](#) og er meðfylgjandi í þessum tölvupósti. Vista þarf umsóknareyðublaðið í tölvunni áður en útfylling þess er hafin.

Umsóknarfrestur er til og með 17. ágúst n.k. og stefnt er að því að úthlutun liggi fyrir í síðasta lagi 12. september 2016.

Tekið skal fram að þau sveitarfélög og aðilar sem sóttu um styrki til undirbúnings tillagna um verndarsvæði í byggð þegar auglýst var eftir slíkum umsóknum síðasta haust **þurfa að sækja um aftur**.

Lögð er áhersla á að sveitarstjórnarmenn kynni sér vel [lögin](#), [reglugerðina sem henni fylgja](#), [úthlutunarreglur húsafriðunarsjóð](#) og [umsóknareyðublaðið](#) áður en hafist er handa við umsóknina. (hlekkir á þetta allt).



Með kveðju / Kind regards / Venlig hilsen

Guðlaug Vilbogadóttir

Fornleifafræðingur / Archaeologist

Minjastofnun Íslands / The Cultural Heritage Agency of Iceland / Islands
kulturarvsstyrelse

Suðurgata 39 | 101 Reykjavík | Sími/Tel. 5701300 | Fax: 5701301

gudlaug@minjastofnun.is / www.minjastofnun.is